

GESTUR TÖFRAMANNSINS.

Eftir ókunnan höfund.

Fagur haustdagur var að kveldi kominn og kveldskuggarnir voru teknir að falla yfir Flórensborg. Þá heyrðist lágt en snögglega barið að dyrum *Cornéliuss Agrippa*. Skömmu síðar var ókunnur maður leiddur inn í stofuna, þar sem spekingurinn sat yfir bókum sínum.

Þó hinn ókunni maður væri íturvaxinn og kurteis í látbragði, var eitthvað dularfult og undarlegt við hann, sem gjörði mann hræddan eða jafnvel hratt manni frá honum.

Eigi var auðvelt að gizka á aldur hans; mörk elli og æsku blönduðust saman í andliti hans með undarlegum hætti. Hvorki á vöngum hans né enni var nokkur hrukka og í stóru, dökku augnum hans var glampi fjörs og æsku. En íturvaxni líkaminn var boginn af byrði áranna, eftir því sem út leit. Hárið var grátt, þó það væri þykt og bústið og röddin var veikluleg og titrandi, en þó var í henni hreimur, sem hreif og gekk til hjarta.